

## Fundur í fræðslunefnd Skaftárhrepps

**haldinn miðvikudaginn 14. október 2020, kl. 16:00, á samskiptaforritinu Zoom.**

### Fundur nr. 172

Mættir eftirtaldir fundarmenn:

Þorsteinn M. Kristinsson (D), Anna Magdalena Buda (D), Jón Hrafn Karlsson (D) og Lilja Magnúsdóttir (Z). Arndís J. Harðardóttir (Z) boðaði forföll.

Jón Hrafn Karlsson ritar fundargerð sem er 2 blaðsíður.

#### **Kl. 16:00 – Heilsuleikskólinn Kæríbær.**

- 1) Starfsáætlun 2020 – 2021.  
*Fræðslunefnd samþykkir starfsáætlunina.*
- 2) Ársskýrsla 2019 – 2020.  
*Fræðslunefnd gerir ekki athugasemdir við ársskýrsluna.*
- 3) Símenntunaráætlun 2020-2021.  
*Fræðslunefnd samþykkir símenntunaráætlunina.*
- 4) Húsnæðismál.  
*Núverandi húsnæði rúmar ekki lengur það starf sem fer fram í Leikskólanum Kærabæ, fræðslunefnd vill beina því til sveitarstjórnar að tryggja leikskólanum aukið rými.*
- 5) Áhættumat, aðgerðaráætlanir og vinnuumhverfi.  
*Í áhættumati koma fram áhyggjur af starfsaðstöðu og vinnuumhverfi.*
- 6) Handbók 2020-2021.  
*Lögð fram til kynningar.*
- 7) Minnisblað veturinn 2020-2021.  
*Lagt fram til kynningar.*
- 8) Rafræn heilsubók.  
*Lagt fram til kynningar.*
- 9) Önnur mál.  
*Leikskólalastjóri lýsir yfir áhyggjum af girðingum kringum leikskólalóðina. Búið er að endurnýja hluta hennar en nauðsynlegt er að klára endurnýjun hennar án tafar.*

**Kl. 17:30 – Tónlistarskóli Skaftárhrepps.**

- 1) Starfsemi skólaárið 2020-2021.  
*15 nemendur stunda nám við tónlistaskólan haustið 2020 , 12 í fullu námi og 3 í hálfu námi.*
- 2) Samskipti við grunnskóla.  
*Skólastjóri tónlistaskóla telur samskipti vera mjög góð við grunnskóla. Stundarskrá tónlistarskóla breytist mánaðarlega til að minnka áhrif á nám grunnskólabarna.*
- 3) Húsnæðismál.  
*Tónlistaskólinn hefur verður færður til og er kominn í mun rúmbetra húsnæði. Skólastjóri talaði þó um að hljóðeinangrun þyrfti að bæta.*
- 4) Önnur mál

**Kl. 18:08 – Fræðslunefnd.**

- 1) Fjárhagsáætlun 2021.
- 2) Önnur mál.

**Fleira ekki gert, fundi slitið kl. 18:26**

**Þorsteinn M. Kristinsson**

**Anna Magdalena Buda**

**Jón Hrafn Karlsson**

**Lilja Magnúsdóttir**